



Banaslys 2.7.2006

Skagafjarðarvegur/Varmahlíð

Útafakstur

Látin 20 ára kona

Tími sólarhrings: Morgunn

Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar ók norður Skagafjarðarveg að vegamótum við Hringveginn sunnan við Varmahlíð. Skömmu áður en ökumaður kom að vegamótunum missti hann stjórn á bifreiðinni í vinstri beygju og ók útaf hægra megin. Samkvæmt framburði farþega gerðist þetta þegar ökumaðurinn leit af veginum og í aftursætið til farþega sem þar voru. Í stað þess að aka beint útaf í halla reyndi ökumaður að stýra bílnum upp á veg.

Bifreiðin valt við útafaksturinn og fórst tvítug kona. Ökumaður bifreiðarinnar slasaðist einnig mjög alvarlega. Þrír farþegar voru í aftursæti en engin þeirra notaði bílbelti. Köstuðust þeir allir út úr bifreiðinni og voru meiðsl þeirra tölvuverð.

Fólkið var að koma af Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum á leið til Sauðárkróks.



Horft eftir Hringvegnum á bifreiðina á vettvangi. Örvarnar þrjár vísa á staði sitthvoru megin við veginn þar sem farþegar lágu sem köstuðust út úr bifreiðinni.

Þegar slysið varð voru skilyrði til aksturs ágæt. Bjart var og vegurinn auður og þurr. Stefnuörvar eru í beygjuni þar sem bifreiðin fór útaf.

Bifreiðin var af gerðinni Volkswagen Polo og var skoðuð af skoðunarmanni frá Frumherja. Við rannsókn skoðunarmanns á bifreiðinni kom ekkert fram sem skýrir orsök slyssins.

Áfengis og lyfjamæling leiddi í ljós að ökumaður var undir áhrifum áfengis. Ráða má af rannsóknargögnum að farþegar hafi heldur ekki verið í ökuhæfu ástandi vegna ölvunar.

RNU sendi sýslumanninum í Skagafirði fyrirspurn um hvernig skipulagi löggæslu, sérstaklega eftirliti með ökuönnum, hefði verið háttáð á Landsmóti hestamanna í Skagafirði umrætt sinn. Í svarbréfinu kemur fram að löggæsla var aukin til muna landsmótsvikuna og lá lögreglan undir ámælum mótshaldara fyrir að ofmeta löggæsluþörfina. Samkvæmt löggæsluskipulagi mótsins höfðu tilteknir lögreglumenn það hlutverk að sinna umferðarlöggæslu. Þetta skipulag riðlaðist talsvert þar sem styrkja þurfti löggæsluna á mótssvæðinu, einkum að næturlagi. Þurftu lögreglumenn, sem bókaðir voru á lögreglustöð eða í umferðareftirlit æði oft að aðstoða við löggæslu innan mótssvæðisins.

Orsakagreining

- Ökumaður var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð.
- Farþegi sem fórst notaði ekki bílbelti og kastaðist út úr bílnum.
- Ökumaður hafði ekki fulla athygli við aksturinn.
- Ökumaður brást rangt við yfirvofandi útafakstri.

Ábendingar

1. Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar fyrri ábendingar um ölvunarakstur og bílbeltanotkun. Hið síðarnefnda á ekki síður við um farþega í aftursæti bifreiða en í framsæti. Er farþegum í aftursæti sama hættu búin og þeim sem sitja í framsæti ef bifreið veltur.
2. Ökumaður og farþegar voru á leið frá útihátíð þar sem ölvun var mikil. Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur að ekki eigi að veita leyfi fyrir útihátíðum af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir nema að tryggt sé að löggæsla sé næg þannig að eftirlit með ökuönnum sé nægilegt og fyrirbyggjandi. Rannsóknarnefndin telur ástæðu til að endurskoða reglur um slíkar samkomur til að tryggja að ávallt séu gerðar umferðaröryggisáætlanir vegna þeirra.
3. Mikilvægt er að ökukennarar veiti leiðsögn í viðbrögðum við útafakstri. Hugsanlega hefði bifreiðin í slysi þessu ekki oltið hefði ökumaður stýrt henni útaf veginum niður hallann.

24.3.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa